

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað 11. júní árið 1945 og aðild að því eiga öll sveitarfélög landsins. Sambandið er sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra. Verulegur hluti starfseminnar felst í hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum og erlendum aðilum.

Á síðustu árum hefur hlutverk sambandsins í kjaramálum aukist verulega og annast kjarasvið sambandsins og Launanefnd sveitarfélaga kjarasamningagerð og hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin á því sviði. Launanefndin hefur ríflega 600 umboð frá öllum sveitarfélögum landsins til að gera kjarasamninga við um 80 stéttarfélög eða sambönd þeirra. Samningarnir ná til um 13.300 stöðugilda en Reykjavíkurborg annast sjálf samningsgerð vegna hluta sinna starfsmanna eða um 5.100 stöðugilda.

Sambandið veitir ráðgjöf og miðlar upplýsingum um einstaka þætti sveitarstjórnarmála til sveitarstjórnarmanna með almennri fræðslu og með útgáfu tímaritsins Sveitarstjórnarmála og ýmissa handbóka. Jafnframt heldur sambandið úti yfirgripsmiklum upplýsinga- og samskiptavef á netinu, www.samband.is.

Í sveitarstjórnarlögum er Samband íslenskra sveitarfélaga viðurkennt sem sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og í gildi er sérstakur samstarfssáttmáli við ríkisstjórn Íslands, þar sem með formlegum hætti er kveðið á um samskipti þessara tveggja stjórnsýslustiga.

Landsþing sambandsins er haldið árlega. Landsþingið fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Öll sveitarfélög eiga fulltrúa á þinginu, mismarga eftir íbúafjölda. Á landsþingi sem haldið er að afloknum sveitarstjórnarkosningum eru 11 menn kjörnir í stjórn sambandsins. Formaður er kjörinn sérstaklega úr þeim hópi.

Skrifstofa sambandsins

Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga er til húsa á 5. hæð í Borgartúni 30, Reykjavík. Skrifstofan er rekin í samstarfi við Lánasjóð sveitarfélaga sem hefur sérstakan framkvæmdastjóra. Þá annast skrifstofa sambandsins ýmis verkefni fyrir Hafnasamband Íslands og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

Á skrifstofu sambandsins starfa 24 starfsmenn að sameiginlegum verkefnum sambandsins og samstarfsstofnana, flestir eru í fullu starfi en fjórir starfsmenn eru í hlutastörfum. Að auki veitir einn starfsmaður skrifstofu sambandsins í Brussel forstöðu. Þrjú starfsmenn starfa hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Framkvæmdastjóri sambandsins er Karl Björnsson en framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er Óttar Guðjónsson.

Starfsemi sambandsins er skipt upp í fimm svið, þ.e. hag-



Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga og samstarfsstofnana er á 5. hæð við Borgartún 30 í Reykjavík.

og upplýsingasvið, lögfræði- og velferðarsvið, kjarasvið, þróunar- og alþjóðasvið og rekstrar- og útgáfusvið. Hér fer á eftir yfirlit um hlutverk og starfsmenn hvers sviðs fyrir sig:

Hag- og upplýsingasvið: Meginhlutverk sviðsins er upplýsingaöflun, úrvinnsla, miðlun og útgáfa á rekstrar-, efnahags- og hagrænum upplýsingum úr starfsemi sveitarfélaganna til notkunar í samanburði milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau. Hag- og upplýsingasvið annast einnig samskipti við Ríkisbókhald vegna staðgreiðslu útsvars og hefur eftirlit með staðgreiðsluskilum til sveitarfélaga.

Starfsmenn sviðsins eru Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri og Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur og Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur.

Lögfræði- og velferðarsvið: Meginhlutverk sviðsins er að gæta hagsmuna sveitarfélaga í tengslum við löggjöf og aðrar reglur sem snerta starfsemi þeirra, m.a. með gerð umsagna um lagafrumvörp og drög að reglugerðum. Þá falla undir lögfræði- og velferðarsvið verkefni sambandsins á sviði skólamála, félagsþjónustu, húsnæðismála, umhverfismála og skipulags- og byggingarmála. Einnig er lögfræði- og velferðarsvið stöðdeild fyrir önnur svið sambandsins og veitir sveitarfélögunum almenna þjónustu við túlkun á lögum og reglugerðum.

Starfsmenn sviðsins eru Guðjón Bragason sviðsstjóri, Björk Ólafsdóttir verkefnisstjóri skólamála, Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi, Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóri í úrgangsmálum, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur.

Kjarasvið: Sviðið hefur það meginhlutverk að þjónusta og gæta hagsmuna sveitarfélaganna á sviði kjara- og starfsmannamála auk þess að hafa umsjón með starfsemi og annast framkvæmdastjórn fyrir Launanefnd sveitarfélaga.

Starfsmenn sviðsins eru Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Benedikt Valsson hagfræðingur, Guðfinna Harðardóttir, mannauðssérfræðingur, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur, Guðrún A. Sigurðardóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir, en tveir síðasttöldu starfsmennirnir vinna að samræmdu starfsmati hjá sveitarfélögunum.

Þróunar- og alþjóðasvið: Meginhlutverk sviðsins er að vinna að framþróun og nýsköpun í stjórnýslu og þjónustu íslenskra sveitarfélaga og gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu. Sviðið hefur einnig umsjón með erlendum samskiptum sambandsins og vinnur að fræðslumálum starfsmanna sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna. Þá falla byggða- og atvinnuþróun, mannréttindi, jafnréttismál og lýðræðismál undir verkefni sviðsins.

Starfsmenn sviðsins er Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu.

Rekstrar- og útgáfusvið: Hlutverk sviðsins er að sinna stöðþjónustu við önnur svið sambandsins, annast rekstur sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá um útgáfumál og upplýsinga- og samskiptavef sambandsins á netinu.

Starfsmenn sviðsins eru Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri, Bára M. Eiríksdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Hinriksdóttir tækni- og upplýsingafulltrúi, Jónína Eggertsdóttir bókarí og ritarnir Guðbjörg Karlsdóttir, Ragnheiður Snorrardóttir og Sigríður Inga Sturludóttir.

Nánari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga og verkefni þess, símanúmer og netföng starfsmanna, samstarfsstofnanir sambandsins og ýmislegt er lýtur að sveitarstjórnarmálum og rekstri sveitarfélaga má finna á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins. Slóðin er www.samband.is.

Fastanefndir

Samkvæmt stefnumörkun landsþinga og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga eru starfandi fjórar fastanefndir á vegum sambandsins sem hafa það hlutverk að veita stjórn og starfsmönnum sambandsins ráðgjöf um ákveðna málaflokka sem sveitarfélögin sinna eða sambandið hefur á sinni könnu. Fastanefndirnar fjórar eru:



Fjógur fundarherbergi eru í húsnæði sambandsins. Myndin hér að ofan er úr Allsherjarbúð, sem er þeirra stærst, en þar fundar m.a. stjórn sambandsins.

Alþjóðanefnd: Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi og til stuðnings fyrir stjórn sambandsins og starfsmenn um öll alþjóðamál sem snerta sambandið og íslensk sveitarfélög.

Félagsþjónustunefnd: Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

Skipulagsmálanefnd: Hlutverk skipulagsmálanefndar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skipulagsmálum, svo sem varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum og reglum um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Einnig fylgist nefndin með þróun umhverfislöggjafar sem tengist skipulagsgerð sveitarfélaga, meðal annars um flóðavarnir og stjórn vatnamála.

Skólamálanefnd: Hlutverk skólamálanefndar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsemi sambandsins í skólamálum, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla, svo og öðrum skóla- og fræðslumálum sem snerta sveitarfélög.

Samstarfsstofnanir sambandsins

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Meginverkefni Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. (LS) er að veita sveitarfélögunum lán á sem hagstæðustum kjörum. Sjóðnum er einungis heimilt að lána til verkefna með almenna efnahagslega þýðingu. Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaganna, starfar undir eftirliti FME og lýtur fimm manna stjórn sem kjörin er á aðalfundi sjóðsins.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga er Óttar Guðjónsson. Aðrir starfsmenn eru Rut Steinsen lánastjóri og Egill Skúli Þórólfsson sem sér um fjárstýringu.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur sérstaka heimasíðu á slóðinni www.lanasjodur.is

Hafnasamband Íslands

Hlutverk Hafnasambands Íslands er að vera sameiginlegur málsvari hafnanna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum um hafnamál og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.

Hafnasambandsþing eru haldin annað hvert ár og þar er kosin sjö manna stjórn hafnasambandsins til tveggja ára. Þau ár sem hafnasambandsþing eru ekki haldin er haldinn hafnafundur. Hafnafundurinn er almennur kynninga- og fræðslufundur fyrir stjórnendur og starfsmenn hafna um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, er formaður hafnasambandsins

Hafnasamband Íslands hefur sérstaka heimasíðu á slóðinni www.hafnasamband.is



Anna Guðrún
Björnsdóttir



Bára Margrét
Eiríksdóttir



Benedikt
Valsson



Berglind Eva
Ólafsdóttir



Björk
Ólafsdóttir



Guðbjörg
Karlsdóttir



Guðfinna
Harðardóttir




Guðjón
Bragason



Guðrún Dögg
Guðmundsdóttir



Guðrún A.
Sigurðardóttir



Guðrún Ósk
Sigurjónsdóttir



Gunnlaugur
Júlíusson



Gyða
Hjartardóttir



Inga Rún
Ólafsdóttir



Ingibjörg
Hinriksdóttir



Jóhannes Á.
Jóhannesson



Jónína
Eggertsdóttir



Karl Björnsson



Lúðvík E.
Gústafsson



Magnús Karel
Hannesson



Ragnheiður
Snorradóttir



Sigríður Inga
Sturludóttir



Svandís
Ingimundardóttir



Tryggvi
Þórhallsson



Valgerður
Ágústsdóttir

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.



Egill Skúli
Þórólfsson



Óttar
Guðjónsson



Rut
Steinsen



Frá ráðstefnu um flutning á málefnum fatlaðra sem haldin var í maí 2009.

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum voru stofnað 20. nóvember 1996 og voru stofnendur 37 sveitarfélög sem ekki höfðu aðgang að heitu vatni til húshitunar. Tilgangur samtakanna er að vinna að lækun orkukostnaðar til húshitunar á „köldum svæðum“, að stuðla að jarðhitaleit, að afla og dreifa upplýsingum um orkumál til aðildarsveitarfélaga og að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til orkusparnaðar.

Kristinn Jónasson, bæjarstóri í Snæfellsbæ, er formaður samtakanna.

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru frjáls samtök sveitarfélaganna og hafa þau öll sérstaka framkvæmdastjóra. Landshlutasamtökin sinna fyrst og fremst sérstökum hagsmunamálum landshlutanna og öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna. Fulltrúar sambandsins sitja jafnan aðalfundi landshlutasamtakanna og formenn og framkvæmdastjórar þeirra eiga samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga sæti á landsþingum sambandsins með tillögurétti og málfrelsi. Reglulega eru fundir haldnir með fulltrúum landshlutasamtakanna og stjórn sambandsins. Á heimasíðu sambandsins er auðveldlega hægt að komast inn á heimasíður landshlutasamtakanna.

Upplýsingaveitur, handbækur og ráðstefnur

Á heimasíðu sambandsins, www.samband.is, má finna ítarlegar upplýsingar um hlutverk og starfsemi sambandsins og samstarfsstofnana þess. Auk þess er þar hægt að nálgast margvíslegar upplýsingar um sveitarstjórnarmál.

Á heimasíðunni er m.a. sérstakur tengill inn á ýmsar upplýsingaveiturerkallast „Vegvísirsveitarstjórnarmanna“. Þar er hægt að komast inn á ýmsar slóðir er gagnast vel í störfum sveitarstjórnarmanna.

Árlega gefur sambandið út Árbók sveitarfélaga þar sem birtar eru upplýsingar um rekstur og efnahag sveitarfélaganna. Árbókin er nauðsynleg handbók fyrir alla þá sem vilja glöggva sig á rekstri og fjárhag sveitarfélaganna og vilja fylgjast með málefnum þeirra og viðfangsefnum. Árbókin er til sölu á skrifstofu sambandsins, en hún er einnig birt á vef sambandsins.

Á hverju ári gengst sambandið fyrir ráðstefnum og fundum fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga um einstaka þætti í rekstri sveitarfélaganna. Þar er fjallað um mál sem efst eru á baugi hverju sinni á sviði sveitarstjórnarmála. Ráðstefnur og fundir eru kynntir á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

Þá gefur sambandið út tímaritið Sveitarstjórnarmál sem kemur út 10 sinnum á ári. Tímaritið er mál gagn Sambands íslenskra sveitarfélaga og er í tímaritinu fjallað um sveitarstjórnarmál með greinum og viðtölum.

Samband íslenskra sveitarfélaga, ágúst 2010
Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík,
sími 515 4900, fax 515 4903
samband@samband.is www.samband.is